

Reglugjörð

fyrir Kjósarsýslu um fjallskil o. fl.

1. gr.

Notkun og vörn afrjettarlands sveitar getur hreppsnefnd hlutast til um eftir þörfum. Skal hún skipa fyrir um smalanir til rjetta og annað er þar að lýtur. —

2. gr.

Að því leyti sem heimalönd, að áliti hreppsnefndar, eigi eru nægileg til sumarbeitar fyrir fjenað ábúenda, ber öllum, er geldfjenað eða dilkær eiga, að reka slíkan fjenað til afrjettar, ef til er, eða koma honum fyrir til sumargöngu hjá öðrum, er nægt land hafa til þess. Hreppsnefnd getur fyrirskipað ítölu í lönd hreppsúa, ef þörf gjörist.

3. gr.

Hver sá, er heimildarlaust rekur fjenað eða skilur eftir í afrjett eða heimalandi, skal sæta sektum, 10—20 krónum, auk skaðabóta til landráðanda.

4. gr.

Eigi má ónáða fjenað þann, er í afrjetti eða fjalli á að vera, fyr en haust-rjettum er lokið, nema landeigandi eða hlutaðeigandi hreppsnefnd leyfi. Einnig er utanhreppsmönnum óheimilt að taka fjenað í heimalöndum einstakra manna nema með samþykki landráðanda. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða 5—20 króna sekt.

5. gr.

Kostnaði við fjallskil o. s. frv. ber að jafna niður sem öðrum hreppsgjöldum, þó með sjerstöku tilliti til jarðarhalds gjaldanda og fjenaðarfjölda, þess er eigi gengur í eyjum eða girðingum eða er taminn í heimahögum. Jafna má kostnaði þessum niður í vinnu (fjallskilum).

6. gr.

Hreppsnefnd getur gjört ráðstafanir til að afstýra ágangi búpenings utan-sveitarmanna á afrjettarlönd sveitarinnar og lönd einstakra sveitarmanna, ef þeir óska þess, enda annist þeir framkvæmdina sjálfir á sinn kostnað. Auglýsa skal slíkar ráðstafanir hreppsnefndar mánuði fyrir framkvæmd þeirra í Lögbirtinga-bláði landsins. Ágangsfjenað, hross og nautgripi, er tekinn verður samkvæmt

ráðstöfun hreppsnefndar, og eigi er þegar hirtur, ber að fara með sem óskilaðje, **70**
sbr. niðurlag 15. greinar og 16. grein. 3. ágúst

7. gr.

Hver sá, er land hefir til ábúðar eða eigin afnota, er skyldur að smala það til haustskila og koma úrgangsfjenaði, er fyrir kann að koma, til rjettar. Þó hefir hreppsnefnd rjett til að skipa menn til fjallskilasmölunar í annarra (einstakra) manna löndum, eftir því sem henni virðist þörf til.

Hver sá, sem fjallskilaskyldur er samkvæmt 5. gr., skal taka þátt í kostnaði við smölun til rjetta, svo að vori sem hausti, og fjenaðarhirðing í utansveitarrjettum, eftir ákvæðum hreppsnefndar.

8. gr.

Hreppsnefnd skal jafna niður fjallskilakostnaði, — í vinnu manna og hesta eða peningum, — og gefa út fjallskilaboð svo tímanlega, að borist geti til hlutaðeigenda viku fyrir fyrstu rjett. Enginn má undan ákveðnum fjallskilum skorast; en kært getur sá, er órjetti þykist borinn, fjallskilaniðurjöfnunina. Fjallskilakæru ber að senda hreppsnefndinni fyrir miðjan október, en hún rannsakar málavexti á fundi, er kærandi sje tilkvaddur. Úrskurð sinn skal hreppsnefndin senda kæranda skriflega fyrir nóvembermánaðarlok. Vilji hann eigi hlita þeim úrskurði, getur hann skotið honum til sýslunefndar fyrir næstu áramót, og leggur hún fullnaðarúrskurð á málið á næsta fundi sínum.

9. gr.

Hreppsnefnd skipar leitaforingja. Leitaforingjar skipa til leita og ræður hver þeirra yfir sínu safni þar til það er komið í rjett. Er hver leitarmanna hans skyldur að sýna honum fulla hlýðni.

10. gr.

Reynist maður, er sendur er í leit, svo ljelegur eða illa út búinn, að hann geti eigi unnið fult gagn, að dómi leitarstjóra og annarra skilgóðra leitarmanna, skal sá, er þann mann sendi, sekur 5—10 krónum til sveitarsjóðs, þar sem hann á heimili. Sama gildir ófullnægjandi útrjettamann, að dómi hreppsnefndar.

Sá, er alls eigi gjörir fyrirskipuð skil til leita eða útrjetta, og sá, er vanrækir að smala heimaland sitt og reka til rjetta, skal sekur 5—15 krónum til sveitarsjóðs.

11. gr.

Lögrjettir Kjósarsýslu eru:

1. Hafravatnsrjett í Mosfellssveit, aðalrjett þriðjudag í 22. viku sumars; rjettarfjelag: Mosfellshreppur og Seltjarnarnesshreppur (ásamt Reykjavík).
2. Eyjarjett í Kjós, aðalrjett miðvikudag í 22. viku sumars; rjettarfjelag: Kjósarhreppur.

- 70** 3. Kollafjarðarrjett á Kjalarnesi, aðalrjett fimtudag í 23. viku sumars; rjettarfjelag: Kjalarnesshreppur.

Skilarjett fer fram í lögrjett hverri, sama vikudag sem aðalrjett, að 3 vikum liðnum.

Sundurdráttarrjett má hafa í hverju rjettarfjelagi eftir tillögu hreppsnefndar og með samþykki sýslunefndar.

Heimilt er hreppsnefnd að ákveða endurleit og að láta halda aukarjett, en tilkynna skal það aðliggjandi sveitum.

12. gr.

Rjettarstæði má breyta eftir tillögu hreppsnefndar, ef meiri hluti fjallskilaskyldra manna í hreppum rjettarfjelagsins greiðir atkvæði með því, og sýslunefnd samþykkir. Sama gildir ef breyta skal rjettarfjelagi. Sje rjettarstæði breytt, skal það birt í Lögbirtingablaðinu.

13. gr.

Bygging og viðhald rjetta með tilheyrandi dilkum innanhreppsmanna og safngerði, ef til er eða gjört verður, svo og dilka við útrjettir, annast hreppsnefnd þeirrar sveitar, sem rjettin liggur í og dilka hefir utansveitar.

Við lögrjett hverja skal utansveitarmönnum, er þar eiga fjár von, skylt að hafa dilk fyrir fjenað sinn, eftir tilvisun hreppsnefndar, þar sem rjettin liggur. Fjallskilaskyldir rjettarfjelagsmenn vinna að bygging og viðhaldi rjetta, eftir fyrirskipun hreppsnefnda.

14. gr.

Rjettarstjóri, er hreppsnefnd skipar, stjórnar rjettarhaldi, og er hreppstjóra skylt að vera honum til aðstoðar og sjá um reglu. Ekki má hleypa út úr dilkum fyrir en rjettarstjóri leyfir.

Rjettarstjóri getur látið athuga drátt og rannsaka dregið fje í dilkum.

15. gr.

Rjettarstjóri skal annast um að dreginn sje allur sá fjenaður, er eigandi finst að, eftir markaskrá hjeraðsins og aðliggjandi hjeraða, eða þekking glöggra, áreiðanlegra manna, ef viðstaddir menn fást til að hirða hann og koma honum til skila. Það, sem þannig eigi verður komið til skila, skal fara með sem *óskilafje*. Semur hreppstjóri með aðstoð tilkvaddra manna nákvæma lýsing þess, og selur síðan við uppboð í rjettarlök bæði í aðalrjett, skilarjett og aukarjettum.

16. gr.

Hross (og naut) skulu seld með því skilyrði, að eigandi megi *innleysa* þau, ef hann gefur sig fram innan mánaðar frá þeim degi, er lýsing gripanna birtist í Lögbirtingablaðinu; en hana skal hreppstjóri senda því með fyrstu ferð eftir að salan hefir fram farið. Skal eigandi greiða allan kostnað af grip sínum frá sölu-

degi og 10% af uppboðsverðinu til kaupanda. Fyrir haga og geymslu má reikna 70 25 aura, en heygjöf alt að 50 aura um sólarhring fyrir hvern grip, þó hálfu 3. ágúst minna fyrir folald er fylgir móður.

17. gr.

Óskilafjenað og ómerkinga, er fyrir kann að koma eftir haustrjettir, skal sá, er slikur fjenaður kemur fyrir hjá, senda hreppstjóra, er annast um að koma fjenaðinum til skila á sama hátt og fyrir er mælt í 15. grein, eða selur hann að undangenginni uppboðsauglýsingu. Fyrir geymslu sauðfjár til sóludags má reikna 5 a. um sólarhring.

18. gr.

Lýsing hins selda óskilafjenaðar, er eigi hefir verið innleystur, skal hreppstjóri senda til birtingar í Lögbirtingablaðinu fyrir miðjan janúar. Þeir, er sanna eignarrjett sinn að hinu selda fyrir næstu fardaga, fá uppboðsverðið að frádregnum kostnaði. Að öðru leyti ber hreppstjóra að greiða andvirði selds óskilafjenaðar til hreppsfehirdis innan loka júnimánaðar, og gjöra jafnframt skilagrein fyrir allri sölu óskilafjár á næstliðnu fardagaári, er sje fylgiskjal með hreppsreikningnum.

19. gr.

Ómerkingar, er fyrir koma í rjettum, skal rjettarstjóri sjá um að dregnir sjeu í sjerstakan dilk, og skal hreppstjóri annast um, að þeir, er þess óska, fái að láta ær sínar eða hryssur helga sjer þá, undir umsjón hans. En gangi þeir eigi út á þann hátt, skal hreppstjóri selja þá við uppboð á staðnum.

20. gr.

Ábúandi jarðar, er land á undir lögrjett eða sundurdráttarrjett, fær úr hreppssjóði þóknun fyrir átroðning af rjettarhaldinu. Um upphæð átroðningsgjalds fyrir rjettarhöld fer eftir mati dómkvaddra manna, nema samkomulag verði um það milli hreppsnefndar og ábúanda.

21. gr.

Við vorsmalanir skal hreppsnefnd skipa umsjónarmann, einn eða fleiri, við hverja aðrekstrarrjett, þar sem ástæða þykir til, til að sjá um reglu við ríning fjár og mörkun lamba.

Hreppsnefnd getur ákveðið sanngjarnt gjald fyrir utanhreppsfe, er fyrir kemur í almennum vorsmölunum í ull eða með ómörkuðum lömbum. Slíku gjaldákvæði hreppsnefndar má skjóta til fullnaðarúrskurðar sýslunefndar. Gjaldið greiði fjáreigendur til umsjónarmanna rjettanna sem þóknun fyrir starfa þeirra.

22. gr.

Í rekstrum, hvort heldur sauðfjár eða hrossa, er fara eiga í kaupstað til slátrunar eða í aðrar sveitir. eða til útflutnings, skal hver skepna hafa glógt rekstrarmerki, svo að sjáist tilsýndar í björtu og eigi máist af í votviðrum. Með slíka rekstra má ekki vera á ferð meðan rökkvað er af nóttu nje dreifa þeim í haga án leyfis landráðanda. Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, 20—100 krónum, er rekstrarmenn greiði allir fyrir einn og einn fyrir alla. Fær uppljóstrarmaður helming sektar, en sveitarsjóður, þar sem brotið er framið, hinn helminginn.

Hreppstjóri skal brýna fyrir bændum, er næst búa vegum, að hafa sjerstaka gát á, hvort þessi grein er brotin.

23. gr.

Ef rekstrarmenn heimildarlaust reka skepnu til ógreiða skulu þeir bæta eigendum það að fullu eftir mati dómkvaddra manna, ef eigi næst samkomulag með hlutaðeigendum. Hafi misrekstur verið fyrir skeytingarleysi rekstrarmanna, varðar það að auki sektum 1—5 kr. fyrir kind og 5—20 kr. fyrir hross, sem rekin hafa verið til ógreiða, er renni í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

24. gr.

Þar sem upphæð sektar eigi er ákveðin við einstakar greinar í reglugjörð þessari, varða brot gegn henni 1—50 króna sektum, er renni í sveitarsjóð.

25. gr.

Með mál út af brotum á reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

26. gr.

Reglugjörð fyrir Gullbringu og Kjósarsýslu um notkun afrjetta, fjallskil o. s. frv., 5. ágúst 1902 er hjermeð úr gildi numin fyrir Kjósarsýslu.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Kjósarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. marz 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1909.

I stjórnarráði Íslands 3. ágúst 1909.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.